

Ed.**302. Frumvarp til laga**

[152. mál]

um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. des.)

Samhljóða þskj. 206 með þessum breytingum:

Eftirfarandi tollskrárnúmer skulu bera toll sem hér segir:

	Náverandi Tollskrár- tollur	Efta- tollur	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
			A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%	%	%
15.12 01 Sojabaunaolía	7		7		7		7	
02 Baðmullarfræolía	7		7		7		7	
19.01 00 Maltextrakt	50	35	45	30	40	25	35	20
29.20 00 Ester kolsýru o. s. frv.	18		9		9		0	
39.07 46 Umbúðakassar úr plasti að rúmmáli 0,01 m ³ og stærri	40	30	35	24	30	20	25	16
44.14 00 Viður sagaður, skorinn eða flagaður eftir endilöngu, en ekki frekar unninn og ekki yfir 5 mm að þykkt; spónaþynnur og þynnur í krossvið, ekki yfir 5 mm að þykkt	18		9		9		0	
62.03 01 Kjötpokar úr spunaefnum	2		2	0	2	0	2	0
64.06 00 Legghlífar o. s. frv.	65		65		65		65	
70.17 Glervara eingöngu notuð við efnarann- sóknir, við hjúkrun og rannsóknir á sjúkum og við lyfjagerð, einnig með rúm- málsmerkjum eða rúmtaksréttingum; glerlyfjahylki:								
01 Glerlyfjahylki	35		18		18		0	
09 Annað	35		35		35		35	
76.16 06 Anóður	4		2		2		0	
83.03 09 Annað	100		80		80		80	
83.04 00 Spjaldskrárkassar, skjalagrindur, sund- urgreiningarkassar, bréfabakkar, hand- ritahaldarar og annað þess háttar til notkunar í skrifstofum, úr ódýrum málm- um (þó ekki skrifstofuhúsgögn, er telj- ast til nr. 94.03)	100		80		80		80	
83.13 01 Spons, einnig með skrófg. o. s. frv.	21		10		10		0	
85.19 03 Eldingar- og risspennuverndartæki og annar verndarbúnaður	35		35		35		35	
87.06 02 Öryggisbelti	20		20		20		20	
87.06 09 Annað	35		35		35		35	
87.14 03 Húsvagnar	40		40		40		40	

3. gr. breytist þannig:

10. tl. hljóðar svo:

Að heimta ekki aðflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum, sem skráð eru er-
lendis og flutt eru til landsins af mönnum, sem þar hafa haft fasta búsetu í a. m. k.
2 ár og hafa ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Gildir tollfrelsisheimild þessi
í 3 mánuði frá komu ökutækisins til landsins. Heimilt er að framlengja tollfrelsis-

heimildina um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls, enda færi viðkomandi fyrir tollyfirvöldum fullgildar sönnur á, að hann fullnægi eftirtöldum skilyrðum:

- a. Að hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki.
- b. Að hann hafi ekki tekið sér búsetu hér á landi.
- c. Að hann hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

Nú uppfyllir viðkomandi ekki framangreind skilyrði til framlengingar tollfrelsis, og er þá í undantekningartilvikum heimilt að framlengja tollfrelsisheimildina um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls frá komu ökutækisins til landsins, gegn greiðslu gjalds, sem nema skal ákveðnum hundraðshluta í mánuði af cif-verði viðkomandi ökutækis. Setur fjármálaráðuneytið nánari ákvæði um beitingu heimildar-ákvæðis þessa.

Tollfrelsisheimild þessi er að öðru leyti háð því, að viðkomandi skuldbindi sig til að hlíta eftirtöldum almennum skilyrðum:

- a. Að hann aki ökutækinu sjálfur, maki hans eða launaðir öikumenn hans, útlendir eða innlendir.
- b. Að ökutækið verði ekki lánað, leigt eða notað til neins konar flutninga gegn greiðslu.
- c. Að hann hafi ökutækið með sér til útlanda, þegar hann fer þangað. Ökutæki skal þó ætíð flutt utan innan árs, frá því að það var flutt hingað til lands.
- d. Að hann hlíti þeim nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um ökutæki þessi og eftirlit með þeim.

Ef framangreind skilyrði eru rofin eða forsendur fyrir hinum tollfrjálsa innflutningi falla niður að dómi toll- eða lögreglustjóra, mega þeir taka viðkomandi ökutæki þegar í stað úr umferð, og má þá tollyfirvald láta selja ökutækið á opinberu uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum og kostnaði eða hlutast til um endurútlutning þess á kostnað innflytjanda.

Ákvæði töluliðar þessa gilda með sama hætti um nýjar bifreiðar og bifhjól, sem keypt eru hér á landi, og hafa hvorki verið skráð héraðs né erlendis, enda verði ökutæki þessi skráð sérstaklega og uppfyllt verði frekari skilyrði, sem dómsmálaráðuneytið kann að setja. Miðast upphaf tollfrelsisheimildar þá við skráningardag ökutækisins.

17. tl. hljóðar svo:

Að ákveða, að greiða skuli 15% verðtoll af vörum, sem teljast til tnr. 38.19.19 og notaðar eru sem hráefni eða hjálparefni í iðnaðarvörur, enda gefi ráðuneytið út sérstaka skrá með efnunum þeim, sem hér um ræðir. Frá 1. jan. 1976 falla niður gjöld af sömu vörum.

28. tl. hljóðar svo:

Að endurgreiða gjöld af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest, eða sem ákveðinn hundraðshluta af samningsverði. Þá er og heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum til viðgerða, breytinga og endurbóta á einstökum hlutum í skipum og bátum, eigi framkvæmdin sér stað innanlands, fari kostnaður viðgerða, breytinga og endurbóta fram úr kr. 1 000 000.00. Sé um að ræða viðgerð, er nemur ekki þeirri fjárhæð, en er þó hærri en 100 þús. kr., er heimilt að ákveða ákveðið hlutfall af sannanlegum efniskostnaði sem endurgreiðslu tolla af viðgerðinni.

Þó er heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af talstöðvum í skip og báta, þótt kostnaður sé lægri en 100 þús. kr., skv. nánari skilyrðum, sem fjármálaráðuneytið setur.

50. tl. d-liður hljóðar svo:

- d. Til framleiðslu á tvöföldu gleri þannig, að fram til 1. janúar 1976 verði tollur á rakaeyðingarefni, sem telst til tnr. 38.19.19, þéttilími í tnr. 32.12.00, zink-hornum í tnr. 79.06.09 og plastþynnum í tnr. 39.02.94 og 39.02.99, ekki hærri en 10%. Frá 1. janúar 1976 að fella niður eða endurgreiða toll af sömu vörum.

55. tl. hljóðar svo:

Að lækka gjöld af nokkrum hráefnum til sælgætisframleiðslu.

Ákvæði til bráðabirgða:

Til þess að mæta því tekjutapi fyrir ríkissjóð, sem leiðir af samþykkt þessara laga, er ríkisstjórninni heimilt að leggja 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10 1960, um söluskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra og reglugerða settra samkvæmt þeim um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd.